

6. tbl. 29. árgangur desember 2007

Virðing
Réttlæti

VR

BLAÐIÐ



Félagsmál


- 04 Desemberuppbót
- 05 Jólagómsæti
- 06 Kjarasamningar
- 08 Orlofshús 2008
- 12 Fyrirtæki ársins
- 17 Varasjóður
- 32 Menntun á sviði rafrænna viðskipta
- 33 Verslunarfagnám og ferðapjónusta
- 35 Kjör á forystu

Greinar

- 10 Heppinn hann Jesú
- 11 Viltu vera memm?
- 20 Hvar verðum við árið 2020?
- 26 Allar heimsins vinkonur
- 29 Mismunandi menningarheimar

Viðtöl og fleira

- 14 Vímuefnapróf á vinnustað
- 24 Hvernig týpa ert þú?
- 27 Vinasambönd á jafnréttisgrundvelli
- 28 Úr dagbókum Lykke



VR

Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7, 103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is



LEIÐARI

Verum góð hvert við annað

Í tvöþúsund ár höfum við fagnað fæðingu frelsarans, fáir ef nokkrir viðburðir eiga sér lengri og samfelldari sögu í okkar heimshluta. Ástæðan hlýtur að vera sú að í boðskap jólanna felist sannleikur.

Í byrjun næsta árs verður VR 117 ára. Fyrir stuttu var haldið upp á 140 ára afmæli Styrktar- og sjúkrasjóðs verslunarmanna í Reykjavík. Styrktarsjóðurinn er með elstu félögum landsins. Það var skemmtilegt að heyra í ávörpum sem haldin voru í hófi í tilefni afmælisins hvernig hlutirnir fara í hringi. Við teljum gjarnan að núverandi tímar séu mestu tímar breytinga. En frá því að Styrktar- og sjúkrasjóðurinn var stofnaður og þar til VR var stofnað urðu miklar breytingar. Þegar styrktarsjóðurinn var stofnaður voru íbúar Reykjavíkur um 1400, verslunarstéttin var tvítyngd, eins og nú er rætt um að stefna að. Þá var opinbert verslunarmál danska, lög og nafn Styrktarsjóðsins voru á dönsku og það var ekki fyrr en um 10 árum síðar að nafnið breyttist úr Reykjavíks Handelsforenings Understøttelses- og Sygekasse í Styrktar- og sjúkrasjóð verslunarmanna í Reykjavík og er það sennilega í fyrsta skipti sem orðið verslunarmaður kemur fyrir. Þá var gjaldmiðillinn Ríkisdalir og það voru 96 spesíur í ríkisdalnum, krónan kom ekki fyrr en rétt áður en VR var stofnað með Skandinavíska myntbandalaginu. Í dag erum við að tala um að ganga í Evrópska myntbandalagið. Metramálið var ekki komið og allt mælt í mílum og pundum.

Því má segja að flest í heiminum sé hverfult en það sem er sammanlegt lifir og er það ekki einmitt það sem við munum helst frá okkar bernskujólum? Ekki hvað við fengum í jólagjöf, heldur hugurinn sem bjó að baki, samveran með fjölskyldunni og stemningin. Er það ekki nákvæmlega það sama sem kemur okkur á óvart í nýlegum rannsóknum sem gerðar hafa verið á óskum unglinga, að þau vilja eyða meiri tíma með foreldrum sínum? Það var meðal annars það sem við í VR vorum að vekja athygli á í herferð okkar í haust um jafnvægi vinnu og einkalífs.

Kæru félagar verum því góð hvert við annað og hlúið að fjölskyldum ykkar.

GPP

Ábyrgðarmaður: Gunnar Páll Pálsson Ritstjóri: Anna Björg Siggeirsdóttir Umbrot og útlit: Tómas Bolli Hafþórsson Ljósmyndir: Eddi, Gunnar Kristinn og Atli Már. Prentun: Oddi. Upplag: 22.600 Stjórn VR: Gunnar Páll Pálsson formaður, Stefania Magnúsdóttir varaformaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari. Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Margrét Torfadóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson. Varamenn: Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Ólafur Ingimarsson og Þorlákur Jóhannsson. Stjórn Orlofssjóðs VR: Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Margrét Torfadóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson. Til vara: Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Margrét Sverrisdóttir. Stjórn Sjúkrasjóðs VR: Stefania Magnúsdóttir formaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen og Rannveig Sigurðardóttir. Til vara: Ólafur Ingimarsson og Þorlákur Jóhannsson.



Lokað í Hafnarfirði

Ákveðið hefur verið að skrifstofa VR í Hafnarfirði loki um áramót. Skrifstofan hefur verið opin fyrir hádegi undanfarið en einungis örfáir hafa heimsótt skrifstofuna í hverri viku. Því er ekki talið forsvaranlegt að halda út svo dýru húsnæði.



Komdu í kaffi!

Með því að mæta á morgunverðarfund hjá VR getur þú ekki aðeins hlerað hvað er að gerast í innra starfi félagsins heldur getur þú beinlínis haft áhrif á það hvert félagið stefnir. Það er VR bráðnauðsynlegt að vita hvað félagsmönnum liggur á hjarta. Nýttu því tækifærið og kíktu í morgunkaffi til okkar. Skráning í síma 510 1700 eða á www.vr.is

Jólaþveðja til félagsmanna

Eins og undanfarin ár sendir VR ekki út jólaþort en styrkir í staðinn félagið Einstök börn með fjárframlagi. Með því fylgir ósk um gleðileg jól og farsæld til félagsmanna allra og ekki síst þeirra sem stríða við erfiðleika og veikindi. Einstök börn er stuðningsfélag barna með sjaldgæfa alvarlega sjúkdóma og í félaginu eru tæplega 140 fjölskyldur. Sum þessara barna eyða stórum hluta ævi sinnar innan sjúkrastofnana og er markmið félagsins að styðja við bakið á fjölskyldum þessara barna og gæta hagsmuna þeirra innan sem utan sjúkrahúsa auk þess að fræða almenning um sjaldgæfa sjúkdóma.

Mundu eftir desemberuppbótinni

Desember er góður tími jólastemningar en líka anna og útláta. Því er gott að minna á desemberuppbótina. Samkvæmt kjarasamningum á að greiða hana í síðasta lagi þann 15. desember en margir fá hana þó greidda með launum um mánaðamótin.

Desemberuppbótin er mismunandi eftir samningum, fyrir fullt starf á árinu er hún kr. 47.400, skv. kjarasamningi VR og SA, en kr. 65.000 skv. kjarasamningi VR og FÍS. Ástæðan er sú að í samningum VR og FÍS er orlofsuppbót innifalin í desemberuppbótinni. Á www.vr.is getur þú fengið allar upplýsingar um desemberuppbótina og nálgast reiknivél til að reikna út hversu há þín uppbót er.



Mömmukökur

Góðar smákökur sem börnunum þykir gaman að bjástra við.

125 gr. smjörlíki
250 gr. sýróp
125 gr. sykur
1 stk. egg
500 gr. hveiti
2 tsk. matarsódi
1 tsk. engifer

Krem

100 gr. smjör eða smjörlíki
200 gr. flórsykur
1 egg
vanillusykur

Smjörlíki, sýróp og sykur brætt saman í potti (má ekki sjóða) og síðan kælt. Öðrum hráefnum blandað saman við, hnoðað vel og sett í kæli t.d. yfir nótt. Flatt út með kökukefli og mótað með glasi eða piparökumótum. Bakist við 150°C þar til ljós gullið á litinn.

Látið kólna og leggið tvær og tvær saman með kremi á milli.

Jóla gómsæti...



Pannacotta

Pannacotta er ítalskur rjómaþúðingur sem nýtur mikilla vinsælda víða um heim. Hér er sáraeinföld uppskrift með unaðslegri hindberjasósu.

1 líter rjómi, 80 gr sykur og 1 tsk. vanillusykur, soðið saman við mjög vægan hita í ca. 10 mínútur.

12 blöð af matarlími lögð í bleyti í kalt vatn á meðan rjóminn sýður og síðan hrært úti heitan rjómann. Hellið í form, látið kólna aðeins og setjið í ísskáp.

Hindberjasósa

1 pakki frosin eða 2 box fersk hindber og sykur eftir smekk. Látið suðuna koma upp og sjóðið í nokkrar mínútur. Berið þúðinginn fram með sósunni, skreytið e.t.v. með hindberjum og myntulaufum.



KJARASAMNINGAR

Stöðugleiki og endurskoðun launa

Verjum kaupmáttinn og þann árangur sem náðst hefur á undanförunum árum

Áherslur VR í kjaramálum voru til umræðu á fundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna VR á vinnustöðum undir lok nóvember. Á fundinum var samþykkt að veita samninganefnd félagsins umboð til viðræðna við vinnuveitendur um kröfur sem byggja á því að tryggja hag þeirra sem hafa dregist aftur úr og verja þann árangur sem náðst hefur. Jafnframt veitti fundurinn stjórn VR umboð til áframhaldandi viðræðna um áfallatryggingasjóð.

Kjarasamningar VR og vinnuveitenda eru lausir um áramót eins og flestir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði. Fundur trúnaðarráðs og trúnaðarmanna var liður í undirbúningi viðræðna og voru tillögur að kröfugerð félagsins kynntar og ræddar.

Hækkun lægstu launa og endurskoðun launa að ári

Áherslur VR byggja fyrst og fremst á því að viðhalda stöðugleikanum, verja kaupmátt allra félagsmanna og tryggja hag þeirra sem hafa dregist aftur úr. Þetta felur í sér að VR mun krefjast sértækrar launahækkunar handa þeim sem eru á lægstu laununum strax við undirritun

kjarasamninga. Einnig verður krafist launapróunartryggingar, þ.e. að þeir sem ekki hafa notið hækkunar í samræmi við almennt launaskrið síðustu mánuði fái hækkun sem því nemur. Stór hluti VR félaga hefur hins vegar notið verulegs launaskriðs eins og sjá má á niðurstöðum launakönnunar og próunar félagsgjalda undanfarið ár.

Áherslur VR gera ráð fyrir að laun þessara félagsmanna verði endurskoðuð eftir ár en að þeir fái ekki kjarasamningsbundna hækkun við undirskrift samninga. Endurskoðunin feli hins vegar í sér að hafi laun þeirra ekki fylgt próun launa almennt á vinnumarkaði frá undirritun samninganna verði samið um hækkun sem nemi því sem uppá vantar. Þannig vill VR tryggja að kaupmáttur launa félagsmanna skerðist ekki á samningstímanum.

Með því að semja um launahækkun handa þeim lægstlaunuðu, tryggja þeim sem ekki hafa notið launaskriðs hækkun launa og endurskoðun allra launa að ári vill VR reyna að tryggja stöðugleika á samningstímanum en blikur eru á lofti í efnahagsmálum. Mikilvægt er að koma

í veg fyrir víxlverkun launahækkana og verðbólgu sem myndi gera að engu launahækkunir sem samið var um og auka verulega á skuldir heimilanna. Samningstímabilið yrði stutt, eitt eða tvö ár.

Önnur áhersluatriði í viðræðunum

Áherslur VR fela hins vegar meira í sér einungis launaliðinn og ná þær til allra félagsmanna óháð launum.

Þær eru m.a.

Lengra og sveigjanlegra orlof en samkvæmt könnunum meðal félagsmanna vill meirihluti þeirra fá orlof í samræmi við það sem gerist m.a. hjá bankamönnum. Skýrari ramma um launaviðtöl til að tryggja rétt félagsmanna til árlegs launaviðtals en samið var um það árið 2000.

Jöfnun slysatrygginga við aðrar sambærilegar stéttir og er hér einkum átt við starfsmenn hins opinbera.

Aðkomu ríkisvaldsins í formi lægri skatta en þessi krafa er ein þeirra sem við eigum sameiginlega með öðrum aðildarfélögum ASÍ ásamt því að lágmarks- atvinnuleysisbætur verði 150 þúsund krónur á mánuði.

Þegar VR blaðið fór í prentun var ekki búið að ganga endanlega frá kröfugerðinni en vinna stóð yfir við hana í samstarfi við Landssamband íslenskra verslunarmanna. Fyrirhugað er að leggja kröfugerðina fram í annarri viku desember og verður þá hægt að lesa hana í heild sinni á heimasíðu VR, www.vr.is

Tökum varfærin skref í áfallatryggingasjóði

Miklar umræður urðu um áfallatryggingasjóð á fundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna en andstaða hefur komið fram í þjóðfélaginu við hugmyndir um stofnun hans. Hugmyndir um áfallatryggingasjóð gera ráð fyrir auknum fjármunum í endurhæfingu og hækkun bóta til þeirra sem verða fyrir slysum eða veikjast alvarlega. Tekjur sjóðsins eiga að koma frá tekjustofnum lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar ríkisins sem og sparnaði vegna aukinnar endurhæfingar. Efasemdir hafa vaknað um hvort forsendur sjóðsins um endurhæfingu standist og vekur það upp spurningar um hvort hann muni bera sig.

Á fundinum ríkti einhugur um mikilvægi þess að bæta stöðu þeirra sem eiga um sárt að binda vegna veikinda eða slysa. Mikill stuðningur kom fram við markmiðin með áfallatryggingasjóði en einnig að brýnt væri að tryggja rekstrargrundvöll hans áður en lagt væri af stað í svo viðamiklar breytingar sem snerta velferð og framtíðarmöguleika þúsunda manna. Ekkert væri því hins vegar til fyrirstöðu að taka varfærin skref í þá átt sem sjóðurinn stefndi að, t.d. með því að stytta veikindarétt gegn hærri greiðslu í sjúkrasjóð, og öðlast þannig reynslu sem hægt væri að byggja næstu skref á. Fundurinn veitti stjórn félagsins umboð til áframhaldandi viðræðna.



Virkjum 300.000 íslenskukennara

Alþjóðahús, VR, ASÍ, Efling og SVP hafa tekið höndum saman og látið gera barmmerki til að virkja íslenskukennara landsins til að hjálpa erlendu starfsfólki. Merkin minna okkur á að það tekur tíma að læra nýtt tungumál og hvetja okkur jafnframt til þess að sýna þolinmæði og jákvæðni. Allir geta lagt eitthvað af mörkum; nágrannar, vinnufélagar, bekkjarfélagar, viðskiptavinir og sessunautar.

Barmmerkjunum verður dreift til aðildarféлага ASÍ og aðildarfyrirtækja SVP-samtaka verslunar og þjónustu um allt land og til símenntunarmiðstöðva. Þá verður hægt að hafa samband við Alþjóðahúsið, ASÍ, VR eða Eflingu til að fá fleiri merki.

Umræða um íslenskukunnáttu þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli hefur verið hávær á undanförunum misserum. Erlendum starfsmönnum fjölga ört í ýmsum þjónustustörfum, eins og í verslun, á hjúkrunarheimilum, í skólum og víðar. Sérstaklega hefur vakið athygli umræða um íslenskukunnáttu erlendra starfsmanna í verslunum.

Hjálp til. Talið íslensku nema beðið sé um annað; gefið ykkur tíma til að hlusta og eiga samræður á íslensku þrátt fyrir takmarkaðan orðaforða viðmælanda. Ef eftirt er að gera sig skiljanlegan er ráð að endurtaka og tala hægur eða breyta um orðalag og nota einfaldari orð.

ORLOFSHÚS

Bókaðu sumardvölinu í janúar

Eins og kynnt var í síðasta blaði hefur sveigjanleikinn aukist enn í útleigu orlofshúsa VR. Því strax á nýju ári, föstudaginn 4. janúar, kl. 8:30, verður opnað fyrir bókanir á orlofsdvöl 36 vikur fram í tímann. Hægt er að bóka á vefnum www.vr.is, í síma 510 1700 og á skrifstofunni.

Bóka verður lágmark 2 daga og hámark 10 daga í senn, en að öðru leyti er fólki frjálst að velja þann tíma sem það vill dvelja í orlofshúsunum. Helgarnar verða leigðar í heilu lagi, frá föstudegi og fram á sunnudag. Fyrirkomulag verður það sama og sl. vor, þ.e. fyrstur pantar fyrstur fær. Athugið að ný vika dettur inn á hverjum miðvikudegi.

Húsunum verður því ekki úthlutað, ekki þarf lengur að sækja um á sérstöku eyðublaði og biða svo í nokkrar vikur eftir niðurstöðu. Þetta auðveldar félagsmönnum að velja

tíma sem þeim hentar. Staðfesting liggur fyrir nokkrum mínútum eftir bókun og því er auðvelt að skipuleggja fríð með góðum fyrirvara. Hús sem bókað er á vefnum þarf að greiða með kreditkorti. Nánari upplýsingar á www.vr.is og í þjónustuveri í síma 510 1700.

Það er góður kostur að geta valið sér þá daga sem henta. Hvernig væri nú að vera dálítið séður, vera á undan hinum og bóka sig í orlofshús með góðum fyrirvara. Skemmtileg hugmynd fyrir börnin er að prenta út myndina af húsinu, hengja á ísskápinn og láta sig hlakka til, en á vefnum eru myndir af húsunum.

Í byrjun apríl verður hægt að bóka tjaldvagna og einnig bættast við nokkur hús víðsvegar um landið og verður nánar auglýst er nær dregur.

Frá og með 4. janúar 2008 verða eftirfarandi staðir í boði

	1/3 - 6/6 31/8 - 31/12 2008		6/6 - 30/6 5/8 - 31/8 2008		30/6 - 5/8 2008	
	Sólarhringur	Helgi	Sólarhringur	Helgi	Sólarhringur	Helgi
Akureyri	2300	12000	2500	13200	2800	15000
Einarsstaðir	2300	12000	2500	13200	2800	15000
Húsafell	2600	15500	2800	17000	3200	19300
Flúðir	2600	15500	2800	17000	3200	19300
Miðhúsaskógur	2600	15500	2800	17000	3200	19300
Stykkishólmur	2600	15500	2800	17000	3200	19300
Ölfusborgir	2600	15500	2800	17000		
Minni Borg	4500	21400	5000	23500	5600	26700

Athugið að verðið er mismunandi eftir tímabilum.

Helstu breytingar á bókun orlofshúsa eru:

- Fyrstur bókar, fyrstur fær
- Engin úthlutun, staðfesting berst strax
- Opnað er fyrir bókanir 36 vikur fram í tímann þann 4. janúar kl. 8:30. Hægt að bóka á netinu, í síma 510 1700 eða á skrifstofum VR
- Allir fullgildir félagsmenn geta bókað, óháð punktastöðu
- Staðfestingargjald kr. 3.000 er tekið af öllum bókunum og er óafturkræft
- Breytingargjald kr. 2.000 er tekið við allar breytingar sem gerðar eru á bókun eftir að hún hefur verið greidd.

TAKIÐ MIÐA

Fyrstur bókar, fyrstur fær
Breyttar reglur
um bókun orlofshúsa VR



4. janúar 2008

Fyrstur bókar, fyrstur fær

Breyttar reglur
um bókun orlofshúsa VR

Orlofshús VR

Föstudaginn 4. janúar kl. 8:30 hefjast bókanir á orlofshúsum og tjaldvögnum VR, 36 vikur fram í tímann. Miklar breytingar hafa verið gerðar á leigufyrirkomulagi orlofshúsa, nú þarf ekki lengur að fylla út umsóknar-eyðublöð og engin bið er eftir úthlutun. Hver og einn getur bókað og gengið frá greiðslu fyrir orlofshús á www.vr.is, í síma 510 1700 eða á skrifstofunni og gildir þá reglan fyrstur bókar, fyrstur fær. Nánar á www.vr.is.



„Hún sagði að jólin væru svo mikið stress, sagði stúlkan. Hljómaði dálítið óviss á orðinu „stress“, eins og sá sem prófar að nota nýtt tungumál í fyrsta sinn.“

PISTILL HARALDAR JÓNSSONAR

Heppinn hann Jesú

Sex ára vinkona mín sýndi mér um daginn mynd sem hún hafði teiknað. Jólamynd. Þar voru María og Jósef, rútufarmur af vitringum, kind, kisa, fjárhús og stór og ljómandi stjarna. Líka ofankoma og snjór í miklum sköflum. Og jólasveinn á sleða. Er hún ekki fín, spurði hún. Jújú, sagði ég, mjög fín. En af hverju er jólasveinn hjá þeim? Nú, það eru jól, var svarað. Ég skil, sagði ég, en var nokkur snjór þegar Jesús fæddist? Auðvitað, það voru jól, var svarað aftur og tónninn gaf til kynna að spurningar mínar væru ekki ýkja gáfulegar. En, sagði ég, Jesús fæddist ekki beinlínis á jólunum sko. Við höldum jól af því að Jesús fæddist, sagði ég og setti mig í kennaralegar stellingar og bjóst til að uppfærða barnið eilítið.

Ég veit það vel, sagði sex ára barnið móðurlega. En hann var samt heppinn hann Jesú, hélt það áfram.

Já, af hverju þá?

Nú, að það skyldi vera svona jólalegt þegar hann fæddist!

Ég ákvað að ræða ekki frekar ástandið á meintum fæðingarstað frelsarans, hvorki þá né nú. Enda voru þetta skotheld rök hjá stúlkunni. Og í hennar heimi skiptir pólitískur rétttrúnaður, sagnfræði, landafræði eða veðurfræði ekki nokkru máli. Í barnslegri gleði yfir jólunum er vel pláss fyrir hið örökræna; Jesús getur alveg hitt Kertasníki og það snjóar í Betlehem. Á töfrum slungnum stundum er nefnilega allt mögulegt.

En við ræddum nú samt aðeins áfram um jólin ég og vinkonan mín smáa meðan nýfæddur Jesús lá í jötu sinni, á myndinni góðu, og snjóaði í kaf. Hún sagði mér að hún hlakkaði til jólanna, hlakkaði til að setja skóinn út í glugga, fá gjafir, sjá og heyra helgileik, halda litlu jólin, fara í jólaþorpið, föndra, kaupa tré, baka, skreyta úti og inni, kaupa gjafir handa systkynum og vinum. Í einu orði; jólast. En, sagði hún, mamma verður voða fegin þegar jólin eru búin.

Af hverju segirðu það, spurði ég undrandi.

Hún sagði að jólin væru svo mikið stress, sagði stúlkan. Hljómaði dálítið óviss á orðinu „stress“, eins og sá sem prófar að nota nýtt tungumál í fyrsta sinn.

Það laust mig þarna að tilhlökkunarefni stelpunnar litlu var jafnframt kvíðaeftni okkar fullorðna fólksins. Jólin verða nefnilega að lukkast vel og því þarf margt að gera og allt að heppnast. Og í streitunni gleymum við börnunum, ýtum þeim til hliðar og þeirra „ófullkomnu“ hugum og höndum sem svo gjarnan vilja vera með. Þeim til vonbrigða, okkur til hagræðingar – og aukins samviskubits.

Ég gerði því jóla(helgar)plan með börnunum mínum. Það er kannski ekki til eftirbreytni en ég fullyrði að það er fjári skemmtilegt.

Föstudagur klukkan fimm: Jólaskur settur í græjurnar og tekið til af ákafa þar til diskurinn klárast. Þá skal tiltekt tafarlaust hætt. Kvöldinu síðan eytt í mas, át og skreytingar – ekki má setja upp séríur með aðstoð tommustokks.

Laugardagur: Allir safnast saman í eldhúsinu á náttfötunum og baka. Bakað skal eins og hver og einn hefur nennu til. Tekið til. Afrakstri hent eða borðaður eða geymdur, eftir því hvernig til hefur lukkast.

Sunnudagur: Sund.



Í BRENNIDEPLI

Viltu vera memm?

Tengslanet er orð sem notað er yfir samskipti fólks. Lengi vel var leiðin til að byggja upp öflugt tengslanet nokkuð augljós - maður þekkir mann sem þekkir mann, og það skipti máli að vera á réttum stað á réttum tíma. Eina vandamálið var að feta þessa hárfínu línu í samskiptunum þ.e. milli þess að gefa of lítið af sér og þess að gefa frá sér of miklar upplýsingar. X-kynslóðin svokallaða er öflug í að mynda tengslanet á þennan hátt. Y-kynslóðin hefur hins vegar tæklað málin á allt annan hátt – á netinu. MySpace, Facebook og hvað þetta heitir nú allt saman – þetta er hið nýja tengslanet. Bandaríska viðskiptatímaritið The Economist fjallar um X-kynslóðina og netsamskiptin í umfjöllun sinni um heiminn árið 2008.

Það sem heillar Y-kynslóðin við netið er augljóst. Í fyrsta lagi er umfangið gríðarlegt og hagkvæmni stærðarinnar nýtist vel þegar leitað er að nýjum félögum og nýjum tækifærum. Í öðru lagi er auðvelt að koma sér á framfæri á netinu, það er ekkert mál að uploada mynd og skella texta með. Og í þriðja lagi veitir netið manni tækifæri á því að hitta fólk án þess að „hitta“ fólk.

Það sem dregur Y-kynslóðina að netsamskiptum af þessu tagi er einmitt það sem foreldrana hryllir við. Gera börnin sér ekki grein fyrir hættunni sem er þessu samfara, spyrja þeir? Hvað ef tilvonandi vinnuveitendur sonar míns lesa

það sem hann lætur frá sér fara? Hvernig verður andleg líðan dóttur minnar þegar kærastinn hennar segir henni upp með því að breyta skráningunni sinni á MySpace úr Relationship í Single? Tæknin virðist hafa umbylt umræðunni um háttvísi og varfærni.

Þegar Facebook kom á markað var gert ráð fyrir því að X-kynslóðin tæki við sér og fylgdi í spor yngra fólksins. Það fylgdu hins vegar engar leiðbeiningar um það hvernig á að hafna netvináttu yfirmannsins, eða hvort það væri yfirleitt í lagi að gera það! Eða um það hvað ásættanlegt er að birta á svona síðu. Y-kynslóðin sýndi aðeins meiri varkárni árið 2007 en hún gerði árið 2006 þegar allt var leyfilegt en X-kynslóðin kveinkaði sér hins vegar undan harðari atlögu að einkalífínu.

The Economist spáir því að meira jafnvægi náist árið 2008. Samskiptavettvangurinn á netinu muni breytast – tæknin og notkunin lagi sig að þörfum notendanna frekar en að notendur breyti sér til að laga sig að tækninni. Frelsið verður meira og möguleikarnir fleiri - það þarf kannski ekki að láta allt flakka á Facebook. Þessir nýju samskiptamöguleikar verða e.t.v. bara eðlilegt framhald af því tengslaneti sem við höfum þegar lagt vinnu og tíma í að byggja upp. Netsamskipti verða einungis þróuð af þeim sem nota þau.

FYRIRTÆKI ÁRSINS

Er þitt fyrirtæki á toppnum?

Eða er einhverju ábótavant í vinnuumhverfinu? Nú er að renna upp tími hinnar árlegu könnunar VR á Fyrirtæki ársins. Það er kjörið tækifæri fyrir starfsmenn að láta í sér heyra og atvinnurekendur að hlusta. ALLIR starfsmenn geta tekið þátt í könnuninni.

Könnun VR á Fyrirtæki ársins er viðamesta könnun á vinnuumhverfi í íslenskum fyrirtækjum. Niðurstöðurnar eru stjórnendum mikilvægur mælikvarði á það hvað vel er gert og hvað má betur fara. Starfsmenn fyrirtækisins fá tækifæri til að segja stjórnendum hvað þeim finnst um vinnustaðinn og fá samanburð við önnur fyrirtæki á markaðnum.

Allir starfsmenn geta tekið þátt

Allir starfsmenn, alveg sama í hvaða stéttarfélagi þeir eru, geta tekið þátt í könnuninni á Fyrirtæki ársins, ef fyrirtæki óska eftir því. Fullgildir félagsmenn VR fá senda könnun, þeim og fyrirtækinu sem þeir starfa hjá að kostnaðarlausu. Aðrir starfsmenn fá ekki könnun NEMA stjórnendur fyrirtækisins óska þess. Það felur í sér kostnað fyrir fyrirtækin sem nemur útlögðum kostnaði VR við útsendingu könnunarinnar til þessara starfsmanna og úrvinnslu niðurstaðna.

Á næstu vikum verða birtar auglýsingar þar sem fyrirtækjum er boðið að allir starfsmenn taki þátt í könnuninni. Ávinningurinn er ljós, því fleiri sem taka þátt því heildstæðari svör fá stjórnendur um stöðuna innan veggja vinnustaðarins.

Könnunin verður gerð í upphafi árs 2008 og viljum við hvetja alla félagsmenn VR til að nýta sér þetta tækifæri og segja sitt álit á vinnustaðnum sínum.

FYRIRTÆKI ÁRSINS 2007

Hver fær 2008 árgerðina?

Með þátttöku í könnun VR, **Fyrirtæki ársins**, fá fyrirtæki betri mynd af aðbúnaði og ánægju starfsfólks á einfaldan og skýran hátt. Allar nánari upplýsingar fást á heimasíðu VR, www.vr.is, eða með því að senda póst á vr@vr.is

Vertu til fyrirmyndar og taktu þátt.

Erlendis er ekki óalgengt að fyrirtæki krefjist þess af starfsmönnum sínum að þeir gangist reglulega undir vímuefnapróf með það í huga að auka öryggi á vinnustað. Á Íslandi tíðkast slík próf í einhverju mæli en samkvæmt lögum um persónuvernd liggja prófin á gráu svæði. Gunnhildur Arnardóttir, framkvæmdastjóri starfsmannsviðs Securitas og Jón Sigfússon, framkvæmdastjóri Rannsóknna og greininga segja hér sína skoðun á málinu.

Í BRENNIDEPLI

Vímuefnapróf á vinnustað

Aukið öryggi eða árás á einkalífið?

Texti **Snæfríður Ingadóttir**

Þó svo vímuefnaskimanir á vinnustöðum hafi tíðkast bæði í Evrópu og Bandaríkjunum um nokkra ára skeið má segja að umræðan um slík próf hafi ekki orðið hávær hér á landi fyrr en með aðkomu byggingafyrirtækisins Bechtel að álveri Alcoa á Reyðarfirði. „Bechtel gefur sig út fyrir að vera slysalaus vinnustaður og eitt af því sem þeir gera til þess að ná því markmiði er að senda starfsmenn sína reglulega í vímuefnapróf. Allir starfsmenn samþykkja í ráðningarsamningi sínum að gangast undir slík próf og gestir á svæðinu geta einnig lent í úrtaki,” segir Gunnhildur Arnardóttir, starfsmannastjóri hjá Securitas. Henni er málið ekki ókunnugt þar sem Securitas hefur sent starfsmenn sína til vinnu hjá Bechtel og þar hafa þeir gengist undir sömu kröfur um vímuefnaleyfi á vinnustað og aðrir á vinnusvæðinu.

„Bechtel er í raun að gera það sama og mjög mörg fyrirtæki víða um heim, þ.e.a.s. að hafa vímuefnapróf sem hluta af heilbrigðisáætlun fyrirtækisins,” segir Jón Sigfússon framkvæmdastjóri Rannsóknar og greiningar og umboðsaðili fyrir Securetec fíkniefnaprófin. „Í rauninni eru mörg fyrirtæki farin að ganga ennþá lengra og bjóða upp á svokölluða „fit for work“ áætlun þar sem hreinlega er verið að passa upp á það að starfsmenn séu almennt hæfir til vinnu. Vímuefnaskimun er bara einn hluti af því en starfsmönnum er einnig leiðbeint með matarræði og hreyfingu. Þeir eru hvattir í sund og leikfimi og til almenns heilbrigðis.”

Vímuefnaskimun hjá fjármálafyrirtækjum

Að sögn Jóns er vímuefnaskimun á vinnustöðum í gangi í einhverju mæli í flestum löndum enda sú nauðsyn orðin viðurkennd, a.m.k. í hinum vestræna heimi að fólk sé bæði fíkniefnalaust og ekki undir áhrifum áfengis í vinnunni.

Vandinn við flest fíkniefni er hinsvegar sá að neysla þeirra er ekki augljós og því getur vinnuveitandinn sjaldan vitað hvort starfsmaður sé undir áhrifum einhverra efna nema með fíkniefnaprófi. „Í Bandaríkjunum eru slík próf mun algengara en í Evrópu. Það þykir mjög eðlilegt að samstarfsfélagarnir og vinnustaðurinn geri þá kröfu að enginn í hópnum geti klúðrað málum eða jafnvel verið stórhættulegur vegna notkunar vímuefna í vinnunni,” segir Jón. Þrátt fyrir að það sé alkunn staðreynd að starfsmaður sem er undir áhrifum vímuefna geti stefnt lífi annarra starfsmanna, viðskiptavina eða vegfarenda í hættu hefur alls ekki allsstaðar gengið þrautalaust að innleiða vímuefnapróf á vinnustaði. Jón nefnir sem dæmi að fyrir 10 árum síðan voru stéttarfélög í Bretlandi mjög á móti slíkum prófum, ekki síst stéttarfélag rútabílstjóra. „Síðan varð banaslys sem rekja mátti til vímuefnaneyslu ökumanns rútabífreiddar og eftir það varð mjög auðvelt að taka umræðuna upp hjá því stéttarfélagi og þar fara nú allir bílstjórar reglulega í vímuefnapróf.”

Jón bendir á að fíkniefnapróf séu ekki bara vinsæl á vinnustöðum þar sem menn fara með þungavinnuvélar og önnur ökutæki heldur hafa prófin einnig verið tekin upp á öðrum vinnustöðum, t.d. í fjármálafyrirtækjum. „Það er ekki heppilegt að þeir sem stunda fjármálaviðskipti séu undir áhrifum nokkurra fíkniefna því þetta eru mjög dýrir starfsmenn og ef mistök verða eru þau oft svo stór.”

Fíkniefnaneytendur eru útivinnandi

Samkvæmt könnun sem gerð var fyrir tveimur árum síðan studdust 70 af 100 stærstu fyrirtækjum Svíþjóðar við vímuefnapróf á vinnustað til að sporna við fíkniefnanotkun meðal starfsmanna. „Í þeim löndum sem ég hef skoðað er viðmiðunarreglan sú að 20% af þeim sem

neyta fíkniefna eru að jafnaði á vinnumarkaðinum,” segir Jón og telur Ísland enga undantekningu. „Við erum komin mjög langt varðandi skimun fíkniefna í umferðinni en hins vegar er fyrirtækjamarkaðurinn langt á eftir hér á landi miðað við önnur lönd. Í Bretlandi og Írlandi er skimun t.d orðin mjög algeng hjá fyrirtækjum en þar er löggjafinn aftur á móti ekki enn búinn að samþykkja slíkar skimanir meðal almennra ökumanna í umferðinni.“

Talið berst nánar að vímuefnaprófum í fyrirtækjunum og segist Gunnhildur vera mjög hrifin af þeirri hugmynd að íslensk fyrirtæki innleiði fíkniefnapróf hjá sér sem hluta af öryggis- stefnu sinni. Þetta á ekki síst við um fyrirtæki sem eru með mikið af starfsmönnum sem eru á ferð í umferðinni eins og öryggisfyrirtæki, flutningsfyrirtæki og löggæsluaðila. Segir hún að slíkt próf hafi komið til tals hjá Securitas enda hafi þeir starfsmenn fyrirtækisins sem verið hafa í vinnu hjá Bechtel heillast mjög af því faglega umhverfi sem þar er boðið upp á og séu því yfirhöfuð afar jákvæðir gagnvart slíkum prófum. „Umræða um vímuefnaskimanir á vinnustöðum er svo ný hér á landi og menn eru með mjög skiptar skoðanir á málinu, ekki síst út frá persónuverndarsjónarmiðum. Sumum finnst þetta vera mikil árás á einkalíf sitt og spyrja hvað verði eiginlega næst ef þetta verði leyft. Persónulega held ég að svona krefjist mikils undirbúnings og umræðu.“

Öryggi heildarinnar framar öllu

Bæði eru þau Gunnhildur og Jón sannfærð um það að íslensk fyrirtæki muni í framtíðinni í auknum mæli gefa sig út fyrir það að vera vímulausir vinnustaðir. Persónuverndarsjónarmið, sem verið hafa hávær í umræðunni, vega að þeirra mati ekki þungt þegar öryggi er annarsvegar. „Það þarf að hugsa um hag heildarinnar og um hag viðskiptavinarins en ekki þennan eina sem er undir áhrifum áfengis eða fíkniefna í vinnunni,” segir Jón þegar hann er spurður út í þá skoðun margra að slíkt próf séu árás á einkalífið og liggi á gráu svæði hvað reglur Persónuverndar varðar. „Í fyrsta lagi eiga svona próf að vera gerð af fagaðilum og niðurstöður prófanna eiga að vera trúnaðarmál milli starfsmanns og yfirmanns og ættu hvergi að vera skráðar. Þetta gæti t.d. komið fram í ráðningarsamningi,” segir hann og Gunnhildur tekur undir það að geymsla á niðurstöðum úr slíkum prófum sé algjörlega óþörf, enda markmiðið með prófunum að standa vörð um öryggi starfsmanna en ekki áhugi fyrirtækisins á persónulegum högum manna.

„Erlendis er misjafnt hvernig fyrirtæki hafa tekið á því þegar fíkniefni finnast meðal starfsmanna. Sumstaðar eru starfsmenn reknir strax en annarsstaðar er fólki boðin aðstoð ef það á við slíkan vanda að etja, enda ekki gott fyrir fyrirtæki að missa starfskraft úr vinnu,” segir Jón og Gunnhildur bætir við: „Ef þú veist að þú ert veikur fyrir vímuefnum þá ertu líka ekkert að sækja um vinnu hjá fyrirtæki sem er með svona strangar reglur og vímuefnaprófanir. Þá ertu líklega frekar í vinnu annarsstaðar sem hæfir þínu lífverni.“



„Rótgróin fyrirtæki sem hafa áhuga á því að taka upp svona vinnubrögð þurfa aðlögunartíma, þú sendir ekkert starfsmennina bara allt í einu í fíkniefnapróf, lyklatríðið er að vinnustaðurinn taki sig saman og ákveði þetta,” segir Jón og undirstrikar að slíkt sé ekki gert nema starfsmaður hafi samþykkt slíkar prófanir í ráðningarsamningi sínum. „Ég held líka að mörg fyrirtæki séu hrædd við það að vera stimpluð sem einhver vandamálafyrirtæki ef þau stíga þetta skref. Sem er auðvitað algjör misskilningur.“ Gunnhildur tekur undir það og bendir á að í raun gefa slíkar vinnureglur þeim sem átt hafa við vímuefnavandamál aukin tækifæri. „Ef aðili kemur í atvinnuviðtal til mín sem átt hefur við vímuefnavandamál að etja er líklega að ég gefi honum sjéns ef hann er tilbúinn að skrifa undir ráðningarsamning þar sem vímuefnaprófs er krafist heldur en ekki. Einnhverjir aðrir atvinnurekendur hefðu hreinlega ekki ráðið mann með slíka fortíð í vinnu en með vímuefnaprófunum fær hann tækifæri til þess að sanna sig,” segir hún.

Málefnaleg rök verða að liggja að baki



Magnús Norðdal,
lögfræðingur hjá ASÍ

„Mín skoðun er sú að vímuefnapróf á vinnustöðum geti verið ólögmat því slík skimun fellur undir reglur er varða persónuvernd starfsmanna og því þurfa tiltekin skilyrði að vera uppfyllt. Þar er meginreglan að óheimilt er að safna persónuupplýsingum um fólk, jafnvel þó það samþykki það sjálf nema að baki þess liggji mjög grundaðar ástæður og málefnaleg rök,“ segir Magnús Norðdal lögfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands aðspurður að því hvort vímuefnapróf á vinnustöðum standist íslensk lög.

Forvarnir á vinnustað skila meiri árangri

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eiga allir einstaklingar að njóta friðhelgi um einkalíf sitt og persónu, hvort heldur er í starfi eða frítíma, innan veggja heimilis og á vinnustað. Atvinnurekendur hafa hinsvegar bæði rétt og skyldu til þess að hafa eftirlit með starfsemi sinni og mörkin milli þeirra réttinda og persónuverndar starfsmanna liggja oft á gráu svæði. „Þessi próf eru klárlega inngrip í þitt persónulega líf. Ef þú ert t.d. óvirk og ert á ritalíni, sem er amfetamínafleiða, þá skilar þú jákvæðu prófi. Það heilsufarslega ástand þitt er þitt einkamál og engra annarra. Það er mín skoðun, og opinber afstaða ASÍ, að hvernig sem skimun ávana- og vímuefna á vinnustöðum er háttað, ef að baki þeirra liggja ekki málefnalegar ástæður þá sé slíkt ekki heimilt,“ segir Magnús. Hann bendir jafnframt á að í einhverjum tilvikum megi vel færa rök fyrir nauðsyn slíkra prófa. Það gæti t.d. átt við um flugstjóra, lækna og öll hættulegustu störf stóriðjunnar en það eigi ekki við um almenna starfsmenn. „Gallinn er sá að fyrirtæki eru að taka þessi próf upp án þess að fyrir þeim séu færð nægileg eða málefnaleg rök. Það hefur auk þess ekki verið sýnt fram á að þessi próf skili þeim árangri sem atvinnurekendur og eftirlitsaðilar stefni að. Það sem virðist skila meiri árangri eru forvarnir inn á vinnustaðnum,“ segir Magnús og bætir við að mörg fyrirtæki erlendis sem tekið hafa prófin upp séu nú að leggja þau niður.

VÍMULAUSIR VINNUSTAÐIR

Hvernig fara vímuefnapróf fram?

Til eru ýmsar leiðir til að mæla fíkniefni á vinnustöðum. Það er t.d. hægt að gera með því að krefjast lífsýna úr starfsmönnum eins og munnvatns, þvags eða blóðs. Flest fyrirtæki reiða sig á munnvatnsýni og nýta sér svokölluð tilviljanaúrtök þar sem hópur starfsmanna er reglulega dreginn út og sendur í mælingu og liggur niðurstaðan fyrir eftir nokkrar mínútur. Einnig eru til afar næm próf sem mæla fíkniefni í umhverfi. Með því að nýta sér þau er óþarfi að láta starfsmenn fyrirtækissins gangast undir fíkniefnapróf nema það finnist merki um fíkniefnanotkun á vinnustaðnum. Slík próf komu t.d. upp um kókaínnotkun í danska þinginu fyrir nokkrum árum. Sýnt var að einhver var að neyta kókaíns á salernum þingsins en ekki var gengið lengra í því að sanna hver það væri. Yfirleitt er ráðinn utanaðkomandi aðili til þess að framkvæma vímuefnaprófin og þá gjarnan fólk úr öryggis- og heilsugeiranum.

VARASJÓÐUR

Hvað er VR varasjóður og í hvað er hægt að nota hann?

Í VR varasjóð er safnað hluta þeirra réttinda þinna sem áður voru í sjúkrasjóði og orlofssjóði. Hann er þannig ekki viðbót við þau réttindi sem þú naust áður en veitir þér hins vegar meiri sveigjanleika og möguleika á að safna til lengri tíma því inneign í sjóðnum fyrnist ekki á meðan þú ert félagsmaður hjá VR.

Hluti af iðgjöldum sem áður voru greidd í sjúkrasjóð og orlofssjóð er nú greiddur í VR varasjóð. Það er ákvörðun aðalfundar VR á hverju ári hversu hátt hlutfall af iðgjöldum rennur í VR varasjóð og fer það eftir afkomu sjóðanna árið á undan. Lagt er inn í sjóðinn hjá hverjum og einum félagsmanni árlega – eftir aðalfund. Sjóðurinn er því ekki uppfærður á milli aðalfunda. Það er mikilvægt að hafa í huga að þeir fjármunir sem mynda inneign í VR varasjóði koma úr mótframlagi atvinnurekanda, ekki félagsgjaldi félagsmannsins sjálfs.

Eftir aðalfund er sent yfirlit til félagsmanna þar sem fram kemur hve mikið var lagt í sjóðinn og hvað búið er að taka útúr honum á síðustu tólf mánuðum. Einnig er hægt að sjá stöðuna á sjóðnum á Mínum síðum á www.vr.is en félagsmenn sem eiga inneign í sjóðnum geta fengið lykilorð inn á Mínar síður.

Hvernig virkar sjóðurinn?

VR varasjóður er þannig ekki viðbót við sjúkrasjóð og orlofssjóð heldur gefur hann meiri möguleika og meiri sveigjanleika til að nota réttindainneign í sjóðum félagsins en áður þekktist. Tökum dæmi um greiðslur styrkja úr sjúkrasjóði. Áður var t.d. sótt um styrk til sjúkrasjóðs til að greiða fyrir líkamsræktarkort og var helmingur kostnaðar greiddur, ef réttindi voru fyrir hendi. Nú er hægt að fá allan kostnað greiddan, ef inneign í VR varasjóði leyfir. Réttindi í sjúkrasjóði fyrir líkamsrækt og þess háttar fyrntust eftir þrjú ár en réttindin í VR varasjóði fyrnist ekki svo lengi sem félagsmaðurinn er í VR. Ef félagsmenn hætta í félaginu

skerðist réttindainneign um 25% eftir 24 mánuði frá því að síðustu iðgjöld bárust og síðan samsvarandi ár hvert þar til réttindi eru að fullu fyrnd. Réttindi undir kr. 1000 fyrnast þó í einu lagi.

Hægt er að nota inneign í VR varasjóði vegna:

- kaupa á líkamsræktar-, endurhæfingar-, sálfræði-, og lækni- og tannlæknisþjónustu
- kaupa á hjálpartækjum s.s. gleraugum og heyrnartækjum
- kaupa á orlofstengdri þjónustu námsorlofs og kaupa á menntunarþjónustu framfærslu samhliða atvinnuleysisbótum starfsloka eftir að 60 ára aldri hefur verið náð
- heilsuþrengingum
- kaupa á líf-, slysa- og sjúkdómtryggingum

Mun fleiri nýta sér réttindi sín en áður

VR varasjóður var stofnaður snemma árs 2006 og hafa mun fleiri nýtt sér hann en nýttu sér samsvarandi réttindi í sjúkra- og orlofssjóðum. Flestir nýta sér sjóðinn til að greiða fyrir líkamsrækt og aðrar forvarnir, orlof, gleraugu og þess háttar hjálpartæki, læknskostnað og endurhæfingu. Greiðslur úr varasjóði eru skattskyldar og er staðgreiðsla dregin af við úttekt.

Nánar á heimasíðu VR, www.vr.is en þar má einnig nálgast umsóknareyðublað.



Tinna Kristjánsdóttir

Verslunarstjóri í Kisunni Laugavegi 7

Rjúpur eða hangikjöt? Rjúpur – ekki spurning!

Jólahefðir? Jólareð er alltaf skreytt á Þorláksmessu, malt og appelsín og góðir ullarsokkar eru ómissandi.

Hvað ætlarðu að gera um jólin? Fyrsta skipti í mörg ár er ég ekki að vinna um jólinn. Ég ætla að baka og fönndra, horfa á góðar myndir og heimsækja vini og vandamenn.

Rauð eða hvít jól? Rauð jól.



Sigrún Alda Júlíusdóttir

Starfsmaður í versluninni SÍA Laugavegi 86

Rjúpur eða hangikjöt? Hangikjöt.

Jólahefðir? Skreyti alltaf um miðjan desember af reynslu fyrri ára þar sem desember er háannatími í verslun.

Hvað ætlarðu að gera um jólin? Njóta þess að vera heima og slappa af með börnum og barnabörnum.

Rauð eða hvít jól? Hvít jól.



Karólína Svansdóttir

Starfsmaður í versluninni Unika Faxafeni

Rjúpur eða hangikjöt? Hangikjöt.

Jólahefðir? Skreyti alltaf 1. í aðventu og nota mikið jólaskraut. Síðan býð ég alltaf fjölskyldunni í mat á aðfangadag.

Hvað ætlarðu að gera um jólin? Slappa af, borða og vonandi fæ ég góða bók til að lesa um jólin.

Rauð eða hvít jól? Hvít jól.



Sigurbjörg H. Gröndal

Starfsmaður í versluninni ELM Laugavegi 1

Rjúpur eða hangikjöt? Rjúpur og hamborgarhryggur til að allir fái eitthvað við sitt hæfi.

Jólahefðir? Jólareð er alltaf skreytt á Þorláksmessu

Hvað ætlarðu að gera um jólin? Njóta þess að vera í fríi og slappa af með fjölskyldunni.

Rauð eða hvít jól? Hvít jól.

Hvar verðum við árið 2020?

Katrín Ólafsdóttir lektor í Viðskiptadeild HR

Nú standa kjarasamningaviðræður yfir og höfum við í því sambandi undanfarið fjallað um málefni sem viðkoma kjörum almennings. Í fyrstu greininni fjallaði Þorvaldur Gylfason um vinnutímamann, þá Hannes Hólmsteinn um skattamál, Kristín Ástgeirsdóttir um jafnréttismál og nú spáir Katrín Ólafsdóttir, lektor í Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík í framtíðina.





Engin spá sem gerð hefði verið fyrir áratug eða svo hefði spáð því að landsframleiðsla myndi vaxa um 55% að raungildi frá 1996-2006, enda er þetta gífurlega mikill vöxtur sem aðeins er hægt að ná við sérstakar aðstæður. Þessi vöxtur jafngildir 4,5% hagvexti á ári að meðaltali. Á sama tíma hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna vaxið um nálægt 60%, eða um 4,7% á ári að meðaltali. Á árinu 1996 hefði enginn spáð því að á Íslandi byggju 313 þúsund einstaklingar á árinu 2007 og að hlutfall erlendra ríkisborgara hefði farið úr 1,9% í 6,0% á tíu árum.

Það helst í hendur, því lengra sem reynt er að spá fram í tímann, því líklegra er að spáin rætist ekki. En jafnvel þótt spáin rætist ekki, þá er ekki þar með sagt að spáin sé röng. Það gæti nefnilega verið að forsendurnar hafi breyst. Engu að síður er fróðlegt að skoða hvar við verðum stödd í framtíðinni ef við gefum okkur ákveðnar forsendur um þróunina fram í tímann. Framtíðin ein getur svo sagt okkur hvort spárnar eru nærri lagi, eða hvort raunveruleikinn verður allur annar.

Verður jafnmikill hagvöxtur næstu ár?

Byrjum á að skoða hagvöxt og landsframleiðslu. Hagvöxturinn hefur verið mjög mikill hin allra síðustu ár og ólíklegt að sú þróun haldi óslitið áfram fram til ársins 2020. Líklegt er að ein eða fleiri hagveifla verði á tímabilinu, en engin leið er að tímasetja þær. Þó er líklegt að hagvöxtur verði hægur næstu árin.

Töluverð óvissa ríkir um hagvöxt til næstu 13 ára, enda margir þættir sem gætu haft áhrif á vöxtinn. Mýmörg áform um stóriðju-framkvæmdir hafa verið ræddar, en ekki er ljóst hvort eða hve mörg þeirra fara í gang á næstu árum. Ekki er óhugsandi að skuldbindingar vegna Kyoto-bókunarinnar komi til með að hafa áhrif á þær ákvarðanir. Þá á eftir að semja um losun gróðurhúsalofttegunda eftir árið 2012.

Fyrir áratug hefðu fáir getað séð fyrir hver vöxtur íslenskra fjármálafyrirtækja yrði næstu árin. Stærð þeirra hefur margfaldast undanfarin ár og hvern hefði órað fyrir því að framlag fjármálafyrirtækja til landsframleiðslu yrði meira en sjávarútvegs á árinu 2006? Fjármálafyrirtækin hafa leitt útrás íslenskra fyrirtækja. Blíkur eru nú á lofti á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Hvaða áhrif mun það hafa á útrásina? Mun útrásin stöðvast eða halda áfram af tvöföldum krafti? Munum við sjá útrás í öðrum atvinnugreinum en hingað til? Margir sáu fyrir sér útrás orkufyrirtækja, en nú virðist sem einhver frestun verði á því.

Þrjú dæmi um hagvöxt

En þrátt fyrir þessa óvissuþætti, þá skulum við velta fyrir okkur mögulegri þróun fram til ársins 2020. Hér eru sett fram þrjú dæmi, háspá, miðspá og lágspá. Í háspánni er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði áfram mikill, eða að meðaltali sá sami og hann var á árunum 1990-2006. Hagvöxtur þessara ára var 3,2% að meðaltali. Miðað við þessa forsendu verður landsframleiðslan 50% meiri að raungildi á árinu 2020 en hún er í dag. Lágspáin gerir á hinn bóginn ráð fyrir að hagvöxtur verði í takt við spá fjármálaráðuneytis sem birt var í október fram til ársins 2011. Spáin gerir ráð fyrir fremur hægum



„Fyrir áratug hefðu fáir getað séð fyrir hver vöxtur íslenskra fjármálafyrirtækja yrði næstu árin. Stærð þeirra hefur margfaldast undanfarin ár og hvern hefði órað fyrir því að framlag fjármálafyrirtækja til landsframleiðslu yrði meira en sjávarútvegs á árinu 2006?“



vexti næstu ár. Eftir það er gert ráð fyrir 2,5% hagvexti á ári. Sá hagvöxtur samræmist meðalvexti árána 1980-2000. Miðað við þessa forsendu má búast við að landsframleiðsla hafi aukist um 38% á árinu 2020 frá því sem nú er. Miðspáin gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 2,5% að meðaltali hvert ár fram til ársins 2020. Spárnar þrjár eru sýndar á mynd 1.

Hvað verða Íslendingar margir á árinu 2020?

Langst af stóðust spár um mannfjölda á Íslandi nokkuð vel. Áætlanir um innri vöxt mannföldans, þ.e. fædda umfram dána, gengu ágætlega eftir og þó nokkrar sveiflur væru í fjölda aðfluttra umfram brottfluttra, þá hafði það ekki afgerandi áhrif á niðurstöðu spárinnar.

Nú háttar því hins vegar þannig að síðasta langtímaspá Hagstofunnar sem gerð var á árinu 2003 spáði að mannfjöldi á Íslandi yrði 298 þúsund fjórum árum síðar, en nú mælist mannfjöldinn 313 þúsund og munurinn því 5%.

Mikill fjöldi útlendinga hefur flust hingað til lands á undanfórnum árum. Þannig bjuggu um 5 þúsund erlendir ríkisborgarar hér á landi fyrir áratug, en á síðasta ári voru þeir nálægt fjórum sinnum fleiri, eða 19 þúsund talsins. Margir hafa komið hingað til lands í þeim tilgangi að vinna, en án efa eru einnig margir af erlendu bergi brotnir sem hafa hugsað sér að setjast að hér á landi.

Búast má við að litlar breytingar verði á fólksfjölda fram á næsta ár. Stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi fer að ljúka og ekki er útlit fyrir að fleiri stóriðjuverkefni hefjist á næstu mánuðum. Reikna má með að hluti þeirra verkamanna sem þar hafa verið við störf fari til síns heima. Hér er því gert ráð fyrir nær óbreyttum mannfjölda á milli árána 2007 og 2008. Þegar horft er til ársins 2020 eru tvær spár kynntar hér.

Tvö dæmi um fólksfjölda

Í lágspá er gert ráð fyrir að vöxtur mannföldans verði sá sami og gert er ráð fyrir í spá Hagstofunnar frá árinu 2003. Spáin gerir ráð fyrir 0,7% vexti að meðaltali á ári, sem er fyrst og fremst innri vöxtur. Þótt ekki sé raunhæft að gera ráð fyrir að vöxtur mannföldans verði eins mikill næstu ár og hann hefur verið þau allra síðustu, þá er eðlilegt að gera ráð fyrir að áframhald verði á aðflutningi fólks hingað til lands. Frá 1990-2006 hefur vöxtur mannföldans á Íslandi verið um 1,1% að meðaltali. Sú tala jafngildir innri vexti fólksföldans auk nettó aðflutnings frá útlöndum.


Miðað við þessar forsendur þá færri mannfjöldinn úr 313 þúsund í dag í 340-360 þúsund á árinu 2020, eins og sjá má á mynd 2.

Atvinnuþátttaka


Jafnframt því sem íbúum fjölgar á Íslandi, þá fjölgar fólki á vinnumarkaði. Atvinnuþátttaka er nú í hámarki og því óhætt að gera ráð fyrir að það dragi eitthvað úr henni á næstunni.

Í dag eru um 180 þúsund manns á vinnumarkaði og miðað við forsendurnar sem notaðar voru um fólksfjölgun hér að ofan má gera ráð fyrir að á árinu 2020 verði á bilinu 195-205 þúsund manns á vinnumarkaði hér á landi.

Í þessum forsendum er ekki gert ráð fyrir að stórum framkvæmdum á borð við virkjanaframkvæmdir og byggingu álvers á Austurlandi. Ljóst er að þessar forsendur geta breyst til muna ef slík stóriðjuverkefni fara í gang.



Mynd 1: Þrjár forsendur um hagvöxt næstu ára. Vísitala 1990=100



Mynd 2: Tvö dæmi um framreikning fólksfjölda

VIÐTALIÐ

Hvernig týpa ert þú?

Gulur, rauður grænn og **blár** gerður af meistara höndum.

Regnbogafjör nefndist hádegisfyrirlestur sem VR stóð fyrir nú í vetur og vakti athygli margra. Þar fjallaði Lísbet Einarsdóttir framkvæmdastýra Lectura og ráðgjafi hjá fyrirtækinu Insight Learning and Development um sérstaka greiningar aðferð þar sem einstaklingum er skipt niður í litina eftir manngerðum; gulan, rauðan, grænan eða bláan. Blaðamaður VR blaðsins gerði persónuleikamat og sótti vinnusmiðju í upphafi vetrar hjá Lísbetu þar sem notuð var þessi greiningar aðferð og kom í ljós að blaðamaður er hvanngrænn að upplagi með bláu ívafi.

En hvað þýðir það?

Já, einstaklingur sem er með grænan lit ráðandi í sínu fari er örlítið tilbaka, tekur ákvarðanir út frá hjartanu fremur en rökhugsun og er almennt mjög annt um velferð annara. Hann myndi deyja fyrir sín gildi en ef honum finnst vegið að sér þá er hann seinn að fyrirgefa. Það skiptir þennan einstakling miklu máli að allir séu sáttir og hann klárar sín mál ef hann fær að vinna á sínum hraða sem er oftast en ekki full hægur fyrir t.d. mjög gulan einstakling sem er alltaf á bensíngjöfni. Það er til dæmis afskaplega gaman að skoða vinnuaðstöðu einstaklinga og spá í það hvaða litur sé ráðandi í fari þess einstaklings sem á hverja aðstöðu fyrir sig og sem dæmi um vinnuaðstöðu hjá mjög grænum einstaklingi þá væri þar mjög líklega að finna blóm og myndir teiknaðar af börnum og svo myndir af fjölskyldunni.

Á hverju byggist þessi greining?

Kjarninn í því sem Insight býður upp á er Insight Discovery módelið en grunnurinn að því er sóttur í smiðju Svissneska sálfræðingsins Carls G. Jung. Módelið er einfalt en það leggur á áherslu á þrjá meginþætti: Að skilja sjálfan sig, að skilja aðra og þá nýta sér þann skilning til að aðlagast öðrum og þá eiga í farsælli samskiptum. Insights hjólið, grunnurinn í Insights módelinu, byggir á fjórum





litum; sólgulum, eldrauðum, jarðgrænum og bláköldum. Við notum alla þessa liti að einhverju leyti en einn litur er ráðandi og er hann þá lýsandi fyrir t.d. hugsunarhátt, vinnu og samskiptamáta. Eftir klukkutíma í vinnusmiðjunni eru þátttakendur farnir að raða sínum nánustu og vinnufélögum niður eftir litum og það opnast nýr heimur.

Hvað er einkennandi fyrir hvern lit?

Hver og einn litur hefur ákveðna þætti sem lýsa persónugerð einstaklingsins. T.d. eru þeir sem eru með rauðan lit ráðandi markmiðsækni, hugmyndaþir og drifandi. Gulir eru miklar félagsverur, tala mikið og hratt og stofna til vináttusambanda áður en kemur að viðskiptum og sá sem hefur grænan lit ráðandi er umhyggjúsamur, þolinmóður og vill að allir lifi og starfi í sátt. Bláir eru svo formlegir, yfirvegaðir og nákvæmir svo nokkur dæmi séu tekin en þetta á við um litina á „góðum degi“. Ef við litum svo á litina á slæmum degi þá breytist þetta talsvert. T.d. vilja einstaklingar með rauðan lit stjórna heiminum, og nú, ef heimurinn veit það ekki þá er það hans mál. Þeir geta virkað árásgjarnir, stjórnsamir og yfirþyrmandi. Sá sem er þá með gulan lit ráðandi verður æstur og framhleyppinn, grænn þrjóskur og blár kaldur og dulur.

Hver er tilgangurinn með greiningunni?

Hvernig nýtist hún okkur í daglegu lífi? Tilgangurinn með þessari greiningu er að skilja sjálfan sig og aðra betur. Það er jú svo miklu auðveldara að leyfa öðrum að njóta sín þegar að við vitum hver við erum og afhverju við gerum og segjum hlutina á ákveðinn máta, þegar að við þekkjum eigin veik- og styrkleika og þá fáum við í leiðinni aukinn skilning á því að við erum mismunandi. Það eiga allir rétt á því að njóta sín en við verðum jafnframt að gefa öðrum svigrúm til að fá að vera þeir sjálfir og þá njóta sín að sama skapi. Þegar kemur að samskiptum á vinnustað þá skiptir þetta miklu máli, því einn vinnustað myndar fjöldinn allur af mismunandi einstaklingum. Það má segja að sá vinnustaður sem fer í gegnum svona greiningu með alla sína starfsmenn hefur búið til sameiginlegt tungumál á vinnustaðnum þar sem starfsheildin er orðin samstíga. Þetta eykur umburðarlyndi og tekur broddinn úr samskiptum ef svo má segja. Hver og einn getur notað þetta til að efla sig bæði í starfi og einkalífi. Ef við tökum til dæmis sölukaflann í persónuleikamatinu þá gangast hann mjög vel þeim sem eru í beinni sölu en við erum náttúrulega alltaf að selja, hvort sem það er hugmyndir, vara eða annað. Sá hópur einstaklinga sem fer í gegnum svona greiningu getur t.d. notað sölukaflann til að sjá hvar styrk- og veikleikar hvers og eins liggja og þá leitað úrræða, styrkt hver við annan og svo framvegis. Þannig getur t.d. sá sem skorar lágt í undirbúningi sölu leitað liðsinnis þess sem skorar hátt þar. Þannig að möguleikarnir eru margir en allir hafa þeir sama markmið, að bæta okkur sem einstaklinga á öllum sviðum lífsins.

UMRÆÐAN

Allar heimsins vinkonur


Stuðningsnet fyrir konur af erlendum uppruna

Eftir því sem Ísland verður fjölmennigarlegra verður meira aðkallandi að tryggja íbúum landsins af erlendum uppruna aðstoð við að kynna landi og þjóð til að koma í veg fyrir að mismunandi þjóðernishópar einangrist.

Rauði kross Íslands vinnur nú að verkefninu Félagsvinakerfi - mentoraverkefni í samstarfi við hópinn Allar heimsins konur. Sá hópur samanstendur af konum frá ýmsum stofnunum og samtökum og vinnur að því að deila upplýsingum og þekkingu á stöðu erlendra kvenna í íslensku samfélagi. Það er Garðabæjardeild Rauða krossins sem stýrir verkefninu. Til stendur að það standi yfir í tvö ár til að byrja með en markmiðið er að það muni í framhaldinu verða unnið hjá fleiri deildum á landinu. Sambærilegt verkefni hefur verið starfrækt í Danmörku í fjögur ár og hefur skilað gríðarlegum árangri þar í landi og hefur m.a. verið tilnefnt til Evrópuverðlauna. Verkefnið er styrkt af Starfsmenntaráði, VR og Eflingu.

Hugmyndin er að byggja upp stuðningsnet fyrir konur af erlendum uppruna í íslensku samfélagi með það að markmiði að styrkja þær og efla á atvinnu- markaði og koma í veg fyrir félagslega einangrun.

Hugmyndafræði verkefnisins byggir á nokkurs konar námssambandi milli tveggja kvenna sem báðar njóta góðs af, önnur frá heimalandinu (mentor) og hin af erlendum uppruna (mentee). Þannig eru tengdar saman innlendar konur og konur af erlendum uppruna sem geta skiptst á upplýsingum og þekkingu á jafningjagrundvelli þar sem unnið er að því að beisla þann óvirkjaða mannauð sem felst í menntun, þekkingu og reynslu hjá konum af erlendum uppruna, bæði þeim og íslensku atvinnulífi til framdráttar. Íslenskt samfélag hefur upp á margt að bjóða en erfitt getur verið fyrir þá sem ekki þekkja til að nýta sér alla þá möguleika.





Vinasambönd á jafnréttisgrundvelli

Fyrstu vinkonupörin tóku til starfa í lok október sl. Ása Kolbrún Hauksdóttir hjá Garðarbæjardeild Rauða krossinum stýrir verkefninu. Hún var spurð nánar um framkvæmdina.

Hvernig fólkið valið saman?

Þegar konur hafa haft samband og vilja gerast annað hvort mentor eða mentee þá tek ég einstaklingsviðtöl við þær. Eftir að viðtölum er lokið þá para ég þær saman eftir því hverjar eiga best saman. Ef þær hafa einhverjar sérstakar óskir þá reyni ég að uppfylla þær.

Til hvers er ætlast?

Það er mjög margvíslegt, þarfir mentees eru mismunandi. Sumar eru bara að leita eftir vinkonu og tengslum inn í samfélagið, aðrar eru að leita eftir að þróa sig áfram í vinnu eða í námi og vantar aðstoð við að finna leiðir til þess. Það er mjög mikilvægt að þátttakendur geri sér grein fyrir að sambandið er á jafningjagrundvelli og báðir aðilar að geta fengið mikið út úr þessu samstarfi. Áður en mentorar hefja störf þá munu þeir sækja námskeið þar sem meðal annars fjallað um hvað felst í því að vera mentor. Næsta námskeið verður um miðjan janúar. Við erum markvisst að leita að mentorum með margvíslega reynslu.

Hvað er áætlað að vinkonur hittist oft?

Til að byrja með er ætlast til að þær hittist einu sinni í viku, þetta er svona í fyrstu 3-4 skiptin en eftir það er það samningsatriði á milli paranna. Ég mælist til þess að fólk hittist ekki sjaldnar en 2svar í mánuði.

Ef þig langar til að taka þátt í þessu verkefni, settu þig í samband við Ásu Kolbrúnu í gegnum email asa@redcross.is eða í síma 565 9494 eða 662 18 16. Hægt er að útvega túlk fyrir þær sem tala ekki íslensku eða ensku.



DAGBÓKIN

Gluggað í dagbækur Lykke

Lykke Bjerre Larsen er fulltrúi VR í félagsvinakerfi Rauða krossins. Henni er málið skylt enda er hún dönsk að uppruna og þekkti fáa þegar hún kom hingað til lands. Hún gluggaði nýlega í dagbækur sínar frá þessum árum og féllst á að gefa lesendum VR-blaðsins kost á að skyggjast inn í fyrstu vandamálin á Íslandi. Lykke situr einnig í stjórn VR.

Tengdó var ekki hrifin

Ég kom fyrst til Íslands sem aupair 1988 og var í nokkuð vernduðu umhverfi fyrsta árið, en þegar ég snéri aftur haustið 1989 og flutti inn til kærasta míns og móður hans, breyttist allt. Mamma hans var ekki yfir sig hrifin af mér til að byrja með. Það er mjög auðvelt að verða einmana þegar maður kemur til útlanda, þó að maður hafi kærasta. Eitt skipti sem ég virkilega upplifði þessa tilfinningu var

eitt kvöldið þegar kærastinn minn var í skólanum að klára verkefni að tengdó gersamlega missti stjórn á sér heima hjá okkur. (Þetta var fyrir tíð gemsanna). Þá uppgötvaði ég allt í einu að ég gæti hvergi farið því ég þekkti engan. Það var ekki góð tilfinning. Ég skráði líka niður í dagbókinni hluti sem komu á óvart á sínum tíma: Ég var í losti yfir að maður þurfti að borga til að fá heilbrigðisþjónustu. Skildi engan veginn að sjúklingurinn þyrfti að eiga frumkvæði að því að panta tíma í rannsóknum (í DK þá er maður kallaður inn og þarf voðalega lítið að hugsa sjálfur... klikkaði á þessu aftur þegar ég var ófrísk og fór því allt of seint í mæðraeftirlit). Svo fannst mér magnað að fara í bíó og heyra hversu mikið fólk talaði, heima er í mesta lagi hvíslað. Einnig lenti ég nokkur skipti í vandræðum vegna þess að ég notaði orðið „Oj“ á danskan máta sem þýðir „Vá“. Já og svo var ég 2 ár að fatta að „haltu“ þýðir ekki „hættu“...

Félagsvinur er góð hugmynd

Þegar ég lít til baka vildi ég óska þess að ég hefði haft aðgang að félagsvini, það hefði verið mikil hjálp að geta spurt og fengið útskýringar á íslenska samfélagið. Maður verður í miklu meiri að passa upp á sjálfan sig hérna, kerfið gerir það ekki í jafn miklu mæli og í DK. Svo er nú líka takmörk fyrir því hvað maður getur spurt kærasta eða tengdó um, það er ekki allt sem kemur þeim við.

Einnig er upplagt að fá að æfa íslenskuna í samverustundum með félagsvini sínum. Haltu / hættu - kærastanum mínum fannst þetta svo fyndið að hann leiðrétti mig ekki. Íslenskan er lykillinn að aðlögun það er ekki spurning. Því er afar mikilvægt að fá tækifæri að æfa sig. Það er erfiðari en maður heldur, fólk vill frekar tala ensku og hálfskammast sín fyrir að leiðrétta mann... Það er enn svona gagnvart mér. Ég fæ að segja og skrifa allskonar bull án þess að fólk láti mig vita, meira að segja þegar ég kalla sérstaklega eftir að fá athugasemdir.

Fyrir þann sem vill verða Félagsvinur, þá opnast mjög skemmtilegur heimur. Maður fær að horfa á landið sitt í gegnum augu útlendinga og þarf að útskýra hluti sem hafa alltaf verið svona en samt dugar svarið „bara“ ekki - maður neyðist til að skoða og koma með útskýringar. Maður getur lent í allskonar útskýringavandræðum, afhverju heitir það til dæmis „Sigurðardóttir“ en ekki „Sigurðsson“? Afhverju var notað nazistamerki á húsi Eimskips niðri í bæ? Afhverju þarf að læra dönsku í skólanum.. ennþá? Hvað er kokteil sósa og hverjum í ósköpunum datt í hug að búa hana til? Já og svo er það náttúrulega heill kafli út af fyrir sig að læra að heilsa og kveðja fólk rétt - það var til dæmis góður vinur minn hjá TALi sem tók að sér að kenna mér þetta. Við sátum ekki langt frá hvort frá öðru í vinnunni en samt hringdi hann í mig á hverjum degi og sagðist í þetta skipti vera „tvær konur“, „kona og karl“, „tveir karlar“ og svo átti ég að svara rétt „Sælar / sæl / sælir“ eftir því sem við átti. Við höfðum bæði jafn gaman af þessu.



Í BRENNIDEPLI

Mismunandi menningarheimar

Gera vinnustaðinn enn skemmtilegri

Öll viljum við að andrúmsloftið á vinnustaðnum okkar sé notalegt. Erfiðleikar í samskiptum manna á milli geta þó alltaf komið upp og rétt að huga að þeim málum reglulega. Með fjölgun starfsfólks af erlendum uppruna má ætla að tungumálaörðugleikar skapi vanda og menningarheimar stangist á. Ef vel gengur getur það hins vegar gert vinnustaðinn enn fjölbreyttari og skemmtilegri og umræður á kaffistofunni ná nýrri vídd. Hér fyrir neðan eru nokkur góð ráð til starfsmannastjóra og starfsmanna almennt sem geta fyrirbyggt vandamál á fjölbjóðlegum vinnustöðum.

Tungumál og samskipti

Notaðu aðra tækni en venjulega til að útskýra hlutina, t.d. í myndum.

Hvettu til íslenskunáms og bjóddu upp á það hafir þú möguleika til þess.

Vertu þolinmóð/ur og sýndu virðingu.

Vertu góður vinnufélagi og spjallaðu í kaffitímunum.

Mismunandi menningarheimar

Ræddu opinskátt og heiðarlega um mismunandi menningarheima.

Segðu frá íslenskum hefðum og menningu.

Vertu opinn fyrir menningu og siðum annarra.

Trú er einkamál hvers og eins.

Reglur, einnig þær óskráðu

Hjálpaðu til við að kenna á íslenskan vinnumarkað. Útskýrðu venjur og reglur á vinnustaðnum, líka þær óskráðu.

Gríptu fljótt inn í og leiðréttu ef misskilnings gætir.

Hugsunarleysi eða einelti

Reyndu að stuðla að góðu andrúmslofti á vinnustaðnum.

Gerðu kröfur til allra um hegða sér siðsamlega.

Hafðu reglur um hvernig á að leysa ágreining.

Allir eiga hafa jafnan rétt og möguleika.

Öryggi og heilbrigði

Það er á stjórnandans ábyrgð að leiðbeina í vinnu og öryggismálum.

Útskýrðu að reglum og leiðbeiningum á alltaf að fylgja.

Gríptu til aðgerða ef eitthvað er heilsuspillandi eða hættulegt.

Trúnaðarmaðurinn á að vera sýnilegur.

Þróun og starfsframi

Segðu frá mismunandi möguleikum á vinnustaðnum.

Útskýrðu að starfið er ekki tryggt fyrir lífstíð.

Segðu frá ef starfsmenn hafa aðra hæfileika eða sérfræðiþekkingu en störfunum tilheyrja.

Útskýrðu að möguleikar á starfsþróun krefjast einnig frumkvæðis.



Eyjólfur Pétur Pétursson og Eva Hrund Willatzen

FYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 MINNI FYRIRTÆKI

Innlit hjá Vélfangi

Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, vélaverktaka, golfvelli og sveitarfélög. Þar starfa 8 starfsmenn. Fyrirtækið var valið Fyrirtæki ársins 2007 í hópi minni fyrirtækja en niðurstöðurnar voru birtar í maí sl. Vélfang fékk fullt hús stiga, 100, fyrir trúverðugleika stjórnenda og 99 af 100 mögulegum fyrir 5 aðra þætti; launakjör, sveigjanleika vinnu, sjálfstæði í starfi, álag og kröfur og starfsanda. Heildareinkunn var 4,81 af 5 mögulegum og er jafnframt hæsta einkunn sem gefin hefur verið í könnun VR á Fyrirtæki ársins. Af þessu tilefni tók VR-blaðið hús á starfsmönnum Vélfangs.



Kristján Reynisson



Þórir Þórðarson



Skarphéðinn Erlingsson og Niklas Hyström



Hlín Ingólfssdóttir

Útbúið hefur verið hjól með tengingum í ýtarefni sem tekur á öllum grunnþáttum rafrænna viðskipta. Hjólið er auk þess skírskotun til þess að menntun þarf að vera símenntun, enginn nær nokkur tíma að verða fullnuma í sibreytilegu nútíma umhverfi. Sjá nánar á heimasíðunni www.ebcm-vet.net



FRÆÐSLA

Menntun á sviði rafrænna viðskipta

„Hróð tæknipróun í atvinnulífnum, vaxandi samkeppni og alþjóðavæðing gera sífellt meiri kröfur til hæfni okkar, þekkingar og menntunar. Þessi þróun hefur haft í för með sér breytingar á viðhorfi okkar - fólk á öllum aldri og í margvíslegum störfum leitar sér nú í auknum mæli meiri fræðslu og menntunar. Áður var menntun bundin við ákveðinn aldur en í dag er lítið á menntun sem ævilangt ferli.“ Þessi orð, sem er að finna á vefsíðu Starfsmenntar, lýsa vel forsendum verkefnisins „eBusiness Community Model – Vocational Education and Training (eBCM-VET)“ sem er styrkt af Leonardo da Vinci starfsmenntaaætlun Evrópusambandsins.

eBCM-VET er samstarfsverkefni aðila frá fimm löndum, Eistlandi, Finnlandi, Íslandi, Rúmeníu og Danmörku. Verkstjórn er í höndum VR og Staðlaráðs Íslands. Verkefnið hófst í nóvember 2005 og hafði að markmiði að þróa og prófa menntunar- og fræðsluefni í rafrænum viðskiptum fyrir markhópinn, sem er starfsfólk í heildsölugeira með dagvörur. Að vera þátttakandi í þessu starfsumhverfi krefst þess að fólk hafi góða grunnþekkingu í tölvunotkun, þeim hugbúnaði sem notaður er, eðli rafrænnar skeytamiðlunar og viðskiptasamninga, framsetningu á rafrænum vörulýsingum og mörgu fleira af sama toga.

Verkefnið er að verulegu leyti hugsað sem brú fyrir starfsfólk, sem er vant hefðbundnum aðferðum, yfir í nýtt vinnufyrirkomulag þar sem upplýsingatæknin er nýtt með margvíslegum hætti til að auðvelda störf og auka hagkvæmni í rekstri og viðskiptum. Að starfsmenn nái að

tileinka sér nýja starfshætti er ekki eingöngu ávinningur fyrirtækjanna heldur einnig tækifæri fyrir starfsfólk til að auka starfsánægju sína og starfsmöguleika með bættum skilningi, meiri þekkingu og nýjum verkefnum.

Megin markmið eBCM-VET verkefnisins eru að:

greina og bregðast við þörf fyrir menntun og þjálfun á sviði rafrænna viðskipta, þ.e. nýtingu upplýsingatækni í viðskiptum og rekstri, byggt á eBCM módelinu um rafræn viðskipti [Sjá vef verkefnisins www.ebcm-vet.net] þróa viðeigandi þjálfunaraðferðir og námsefni, velja og nýta í tilraunakeyrlu aðferð og miðil til að miðla námsefninu, þekkingu og reynslu til markhópsins.

Verkefninu lauk opinberlega í byrjun nóvember síðastliðinn og er verið að leggja síðustu hönd á vefsíðu verkefnisins þar sem niðurstöðum og kennsluefninu verður komið fyrir á öllum þeim tungumálum þeirra aðila sem þátt tóku í verkefninu.

Hugmynd VR er að nýta niðurstöður verkefnisins til hagsbóta fyrir félagsmenn, með því að koma á námskeiðahaldi í samstarfi við endurmenntunaraðila. Þróa kennsluefnið og aðlaga að þörfum annarra markhópa með sambærilegar þarfir og reyna þannig að tryggja aðgang að menntun á sviði rafrænna viðskipta.

eBCM-VET (eBusiness Community Model – Vocational Education and Training) <http://www.ebcm-vet.net>



FRÆÐSLA

Verslunarfagnám

Fagmennska í fyrirrúmi

Í janúar hefst ný lota í verslunarfagnámi hjá Mími-símenntun. Námið er sérstaklega sniðið fyrir starfandi verslunarfólk sem sinnir almennum störfum í verslunum. Því er ætlað að efla almenna og persónulega færni starfsfólks til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni í nútímaverslun.

Um er að ræða starfstengt þriggja anna nám sem fer fram bæði í skóla og á vinnustað. Námið er í heild sinni 680 klukkustundir og skiptist jafnt á milli skóla og vinnustaðar.

Að námi loknu hafa starfsmenn faglegar forsendur til að taka á sig aukna ábyrgð og verkefnastjórnun á ýmsum sviðum verslunar. Verslunarfagnám er skilgreint sem starfsnám á framhaldsskólastigi sem menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta til allt að 51 framhaldsskólæiningar.

Námið er sniðið er að þörfum atvinnulífsins og þeirra sem þegar starfa í verslunaryrirtækjum við sölu og þjónustu.

Upphafslotan mun verða helgina 12. og 13. janúar 2008. Lota 1 mun svo hefjast í beinu framhaldi þann 15. janúar og standa til 15. apríl.

Nánari upplýsingar og skráning er hjá Helgu Björk Pálsdóttur hjá Mími-símenntun í síma 580 100, netfang helga@mimir.is

Ferðapjónusta fyrir ófaglærða

Sniðið að þörfum greinarinnar

Í febrúar 2006 var stofnaður vinnuhópur um menntun ófaglærðra starfsmanna í ferðapjónustu sem leiddi til gerðar 60 stunda námsskrár fyrir greinina. Verkefnið var unnið af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fékk heitið Kennum ferðapjónustu I. Samtök ferðapjónustunnar og Starfsgreinasambandið stóðu fyrir verkefninu og voru ýmsir aðilar kallaðir til samstarfs; Mímir, Kvasir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins o.fl. Verkefnið var styrkt af Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins og kennt í fyrsta sinn hjá Mími og Símei síðastliðið vor.

Í ljós kom að helmingur þeirra sem sóttu námskeiðið í vor voru VR félagar og því var óskað eftir aðkomu félagsins að þróun frekara námsefnis þar sem ljóst er að þörfin er mikil. Menntunarstig í starfsgreininni er lágt og meira en helmingur þeirra sem eru starfandi í greininni eru ekki með sérhæft nám að baki. Tilgangur verkefnisins er að bæta námsframboð og þjálfun ófaglærðra starfsmanna í ferðapjónustu á Íslandi.

Sigrún Viktorsdóttir hefur frá því í vor tekið þátt í verkefninu fyrir hönd VR en unnið er að 100 stunda námskrá, Kennum ferðapjónustu II. Tilraunakennslu á að vera lokið 1. júlí 2008. Vonast er til þess að margir komi til með að nýta sér þetta nám sem er sniðið að þörfum greinarinnar og fólks í starfi. Ekki verða tekin próf í námslok

Krossgátan



Verðlauna- krossgáta kr. 8000

Lausn krossgátunnar í nóvemberblaðinu var vísan:

Sá ég örn og ungan sel,
æðarstegg og rjúpu,
uglu, strút og öðuskel
elda fiskisúpu.

Vinningshafinn að þessu sinni er **Margrét Berg** starfsmaður hjá Íslensku umboðssölu hf. Þar sem hún vinnur við bókhald og fleira. Við óskum henni til hamingju með verðlaunin sem eru 8.000 krónur.

Lausnin í krossgátunni hér til hliðar er málsháttur. Síðasti móttökudagur lausna er **15. janúar 2008**. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifðið „krossgáta“ utan á umslagið.

Utánáskriftin er: VR-blaðið, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á vr@vr.is

Hefur þú áhuga á að starfa í forystu VR?

Samkvæmt lögum VR auglýsir kjörstjórn eftir framboðum í stjórn og trúnaðarráð félagsins.

Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda inn skriflegt erindi til kjörstjórnar á skrifstofu VR.

Skrifleg meðmæli 10 félagsmanna þarf vegna framboðs til setu í stjórn.

Framboð til setu í trúnaðarráði er hægt að senda rafrænt á **kjorstjorn@vr.is**

Framboðsfrestur er til kl. 12:00, 8. janúar 2008.

Kjörstjórn



Færð þú umsaminn hvíldartíma í desember?